

Nr. 17-065 S 045 Dagur SK 17***Vélarvana og dreginn í land***

Skipaskr.nr. 2906
IMO 9183099
Smíðaður: Spánn, 1998, stál
Útgerð: Dögun ehf
Stærð: 363,08 bt.
Mesta lengd: 27,00 m Skráð lengd: 23,78 m
Breidd: 8,50 m Dýpt: 6,70 m
Vél: Caterpillar, 744 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 5



Dagur©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. maí 2017 var Dagur SK 17 á rækjuveiðum á Breiðafirði. Veður: NNA 3 m/s.

Tilkynnt var um vélarbilun og óskað eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg dró skipið til hafnar á Rifi.

Við rannsókn kom fram:

- að vökvaslanga fyrir skiptitjakkinn, sem staðsett er inn í gír aðalvélar, nuddaðist utan í með þeim afleiðingum að gat kom á slönguna og setti skiptiskrúfuna á fullan skurð afturábak þegar þrýstingurinn féll;
- að gírinn hafði verið í viðgerð nokkru áður og skipt var þá um slönguna fyrir vökvakerfið;
- að gírinn var að gerðinni Finnoy S-G50 F.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.